

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð
Guðmundar P. Bjarnasonar, Akranesi, sem staðfest var 11. apríl 1997, nr. 250.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. orðist svo:

Stofnfé sjóðsins eru verðbréf og peningar í vörslu Kaupþings hf. í Reykjavík, að upphæð kr. 20.000.000 – tuttugu milljónir – króna að núvirði.

8. gr. orðist svo:

Verðtryggðan höfuðstól má ekki skerða. Miða skal við neysluvísitölu. Er kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins hefur verið greiddur af árlegum vöxtum hans, skal skipt því sem eftir er af vöxtunum í 2 jafna hluti, annan hlutinn skal færa inn á höfuðstólinn, en hinum varið til að verðlauna efnilega nemendur í eðlisfræði og efnafræði í Háskóla Íslands.

Dugi helmingur vaxta ekki fyrir verðtryggingu höfuðstóls skal skerða þann hluta vaxtanna sem ætlaður er til verðlaunaveitingar, sem nemur mismuninum. Dugi vextir ekki fyrir verðtryggingu höfuðstóls skulu engin verðlaun veitt og jafnframt skulu engin verðlaun veitt fyrir en vextir hafa bætt upp skerðingu verðtryggðs höfuðstóls.

10. gr. orðist svo:

Ef enginn nemandi í þessum námsgreinum lýkur prófi, eða ef verðlaunaveitingar eru lægri en ráðstöfunarfé til styrkveitinga, er stjórn heimilt að láta ónýtt ráðstöfunarfé, eða hluta þess, renna til stofnsjóðsins það árið, að öðrum kosti bætist það við óráðstafað verðlaunafé.

11. gr. orðist svo:

Reikningsárið skal vera frá 1. apríl til 31. mars og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af skoðunarmönnum, tilnefndum af stjórn sjóðsins.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar, Akranesi, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 16. júlí 2008.

Ríkarður Másson.

Birkir Már Magnússon.